

Af hverju Viva Engage og nýr innri vefur?

1. Til að tryggja öryggi gagna og upplýsinga
 - Á núverandi samfélagsmiðli höfum við ekki stjórn á hýsingu gagna þar sem um Bandarískan miðil er að ræða. Með því að færa okkur yfir á Viva erum við að geyma gögnin okkar í Evrópskri lögsögu
2. Til að samþætta kerfi HSN og setja þau öll undir sömu „regnhlífin“
 - Viva Engage er hluti af Microsoft 365 (tölvupósturinn, Teams, SharePoint o.fl.)
3. Til að tryggja að allt nýtt starfsfólk komist strax inn á miðlana
 - Þegar starfsfólk hefur störf fer það sjálfkrafa inn á miðlana
4. Til að tryggja að starfsfólk sem er hætt hafi ekki aðgang eftir starfslok
 - Þegar starfsfólk lýkur störfum fer það sjálfkrafa út af miðlunum
5. Til að auka enn frekar samheldni okkar og styrkja sem einn vinnustaður
 - Deilum áhugamálum, þekkingu og höfum gaman saman 😊

Hvernig fæ ég aðgang að Innri vefnum og Viva Engage?

Allt starfsfólk HSN fær netfang við upphaf ráðningar sem veitir því aðgang að innri vef HSN og Viva Engage. Aðeins starfsfólk með netfang frá stofnuninni hefur aðgang að innri vefnum. Inn á Innri vef – Algengar spurningar - Upplýsingatækni er hægt að nálgast upplýsingar um innskráningu á HSN-netfang sem og með því að [klikka hér](#).

Vertu í mynd

Mælt er með að allt starfsfólk sé með prófil mynd á netfanginu sínu. Það verður allt mun skemmtilegra þegar við tengjum nafn við andlit!

Til að setja inn mynd

Vertu í tölvupóstinum þínum – í hægra horninu er hringur sem þú ýtir á – view account – og þar getur þú sett inn mynd.

Innri vefurinn

Hvaða upplýsingar hefur Innri vefurinn að geyma?

Innri vefurinn er upplýsingaveita og gagnageymsla fyrir ýmsar upplýsingar er varðar starfsemina okkar s.s. verkferla, fundargerðir, skjöl, algenga vinnutengla og fréttir. Innri vefurinn er undir eftirliti umsjónarmanna vefsins.

Hvernig kemst ég inn á Innri vefinn?

Hægt er að fara á innri síðuna bæði í gegnum tölvu og í síma á slóðinni innri.hsn.is. Athugið, að þar sem innri vefurinn er hýstur á Sharepoint síðu HSN þarf starfsfólk að vera skráð inn á sínum notendaaðgangi í tölvu á starfsstöðvum eða í gegnum vafra í snjalltækjum. Ef búið er að setja upp Authenticator app í símanum fyrir tvíþætta auðkenningu er hægt að komast inn á Sharepoint og Viva (tölvupóst og annað) gegnum vafra í hvaða tölvu og hvar sem er án VPN með því að fara í gegnum www.office.com með HSN aðganginum. Innri vefur HSN er að finna [hér](#).

Viva Engage

Hvaða upplýsingar hefur Viva Engage að geyma?

Viva Engage svipar til facebook og er vettvangur fyrir starfsfólk til að tengjast, miðla upplýsingum, skoðunum og alls konar hugmyndum.

Hvernig kemst ég inn í Viva Engage?

Viva Engage er hluti af Microsoft Office 365. Fjórar leiðir eru til að komast inn á Viva Engage svæðið:

1. **Vafri:** Slóðin samfelag.hsn.is
2. **Teams:** Vinstra megin í horninu eru þrír punktar . Þar getur þú leitað að *Viva Engage*. Til að festa appið í stikunni, hægri klikkið á *Viva Engage* og veljið „festa“.
3. **Tölvupóstur:** Vinstra megin í horninu er kassi  með Office öppunum. Þar getur þú leitað að *Viva Engage*.
4. **Innri vefur HSN:** Efst í stikunni er hnappur *Samfélög* sem flytur þig inn á Viva Engage.

Þá er einnig hægt að sækja forrið í app store eða play store fyrir farsíma. Starfsmenn skrá sig inn með sínu notendanafni og lykilorði.

HSN Samfélög í Viva Engage

Hver starfsstöð hefur sitt samfélag og við upphaf ráðningar fer starfsfólk sjálfkrafa í sitt samfélag. Allt starfsfólk hefur aðgang að *Allir-HSN*, *Fræðsla-HSN* og *Daglegt líf-HSN*.

- **Allir-HSN** er fréttamiðill fyrir allt starfsfólk HSN. Hér birtast upplýsingar sem mikilvægt er að allir fái t.d. frá framkvæmdastjórn og forstjóra. Umsjónarmenn stýra þessari rás.
- **Fræðsla-HSN** er upplýsingamiðill fyrir fræðslu og endurmenntun fyrir starfsfólk HSN. Allir geta sett inn færslu.
- **Daglegt líf-HSN** er upplýsingamiðill fyrir allt starfsfólk HSN. Hér geta allir sett inn færslu og sagt frá hvað hefur á daginn drifið, komið skemmtilegum skilaboðum/fréttum áleiðis, brandara eða deilt uppskrift að uppáhalds kjúklingarétti.
- **Samfélög eftir starfsstöðvum** er vettvangur sem leysir af gömlu facebook síðurnar. Hér getur hver starfsstöð miðlað upplýsingum sem eiga aðeins við um starfsfólk á þeirra starfssvæði.

Vertu með puttann á púlsum

Til að auðvelda yfirsýn og passa að ekkert fari framhjá þér er „home“ takki efst í vinstra horninu. Með því að klikka á hann koma allar nýjustu færslur úr öllum samfélögunum.

Gildin okkar

Fagmennska – Samvinna – Virðing

Mikilvægt er að við höfum gildin okkar að leiðarljósi í allri okkar starfsemi og það á einnig við þegar kemur að samfélagsmiðum. Munum því að koma alltaf fram við hvort annað með virðingu og af fagmennsku.

Ertu í brasi?

Ekki hika við að heyra í okkur ef þú lendir í örðugleikum við að komast inn á Innri vefinn okkar eða Viva Engage.

- Sverrir Freyr Jónsson, Sérfræðingur í upplýsingatækni Sverrir.freyr.jonsson@hsn.is

- Hulda Jónsdóttir, upplýsinga- og skjalastjóri hulda.jonsdottir@hsn.is
- Sýlvía Dögg Hjörleifsdóttir, mannauðssérfræðingur sylvia.dogg.hjorleifsdottir@hsn.is

Ef þú lendir í vandræðum með notandann eða að komast inn á vefinn þá er hægt að hafa samband við uthjalp@hsn.is eða í síma 432 4444.